ANTIKVA EHF 2025

# Austmannsdalur í Arnarfirði

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir**





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Tóft bæjarins [500] í Austmannsdal

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-58-1

Verkefnanúmer MÍ: 3360

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur .......... 10

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið .......... 11

Tilgangur fornleifaskráningar .......... 13

Fornleifaskráning og aðferðir .......... 16

Minjanúmer .......... 16

Tegund, hlutverk og heiti .......... 18

Staðsetning .......... 18

Staðhættir og lýsing .......... 18

Hættumat .......... 18

Mótvægisaðgerðir .......... 19

Fornleifar á svæðinu .......... 19

Austmannsdalur [3360] .......... 20

Bær [3360-500] bústaður .......... 23

Leið [3360-541] gata .......... 25

Heimreið – eystri [3360-501] gata .......... 26

Heimreið – vestri [3360-529] gata .......... 27

Fjárhús [3360-502] tóft .......... 28

Eldri bær [3360-503] tóft .......... 31

Hlöðuhóll [3360-504] tóft .......... 32

Aðhald [3360-505] tóft .......... 34

Brunnhús [3360-506] grjóthrúga − tóft ..... 34

Hjallur [3360-507] tóft ..... 37

Útigeymsla [3360-508] tóft ..... 38

Garður [3360-509] garðlag ..... 39

Óþekkt [3360-510] tóft ..... 40

Matjurtagarður [3360-511] garðlag og [3360-512] grjóthrúga ..... 41

Rétt [3360-514] grjóthleðsla og girðingarstæði ..... 43

Aðhald [3360-517] hleðsla ..... 44

Girðingarstæði [3360-516] ..... 45

Beðasléttur [3360-513] jarðræktarsvæði ..... 46

Fráveita [3360-521] skurður ..... 46

Grjóthrúga [3360-520] og garðlag [3360-519] ..... 47

Óþekkt [3362-522] grjóthrúga-tóft ..... 48

Mylla [3360-523] tóft ..... 48

Aðhald [3360-524] hleðsla ..... 50

Austmannsdalsbrú [3360-525] hleðsla og leið [3360-518] gata ..... 52

Lambhús [3360-526] tóft ..... 53

Óþekkt [3360-528] tóft ..... 55

Óþekkt [3360-531] tóft ..... 56

Óþekkt [3360-532] aðhald ..... 57

Óþekkt [3360-533] hleðsla ..... 58

Aðhald [3360-534] tóft ........ 59
Túnahreinsun [3360-535] grjóthrúga ........ 60
Rétt [3360-537] grjóthleðsla og girðingarstæði ........ 61
Leið [3360-542] gata ........ 62
Túngarður [3360-538] ........ 63
Óþekkt [3360-515] tóft ........ 65
Girðingarstæði [3360-539] hleðsla ........ 66
Girðingarstæði [3360-540] ........ 67
Túnahreinsun [3360-530] grjóthrúga ........ 68
Samantekt og niðurstöður ........ 70
Heimildir ........ 73
Þjóðskjalasafn Íslands ........ 73
Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 73

# Myndaskrá

Mynd 1. Horft norður yfir skráningarsvæðið að Arnarfirði. Bæjarlækur t.v. og Austmannsdalsá t.h. 12

Mynd 2. Skráningarform Vesturbyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. 17

Mynd 3. Túnakort Austmannsdals árið 1920. Norðaustur snýr upp. Hér sjást fjögur mannvirki sem eru varðveitt: Bær Guðjóns Árnasonar [500] nyrst í túni ásamt eldri bæ [503] t.v. og fjárhúsum [502] t.h. og rétt [514] syðst í túni. Einnig er vestri heimreið [529] merkt inn rauðlituð en hún er horfin næst bænum. 20

Mynd 4. Horft niður í tóft bæjarins [500] úr lofti. Suðvestur snýr upp. 21

Mynd 5. Innanverður suðausturveggur bæjarins [500]. 23

Mynd 6. Hér sést gata [541] t.h. sem liggur milli bæjar [500] í miðju og Bæjarlækjar. Horft beint niður á minjarnar og suður snýr upp. 25

Mynd 7. Eystri heimreið [501] þar sem akstursspor liggur yfir túnið frá aðalvegi. 26

Mynd 8. Horft norður eftir endilöngum vesturtúngarði [538] fyrir miðri mynd og sést gata [529] t.h. við hann þar sem skrásetjari stendur. 27

Mynd 9. Horft beint niður á fjárhús [502]; suðaustur snýr upp á myndinni. 28

Mynd 10. Horft norður yfir fjárhústóft [502] með tveimur görðum. Bæjarhúsið sést t.v. 29

Mynd 11. Steinsteyptur hlöðuveggur í tóft [502]. 30

Mynd 12. Tóft [503] er illgreinanleg en sést þó móta fyrir henni á þessari flygildismynd ofarlega t.h. Fjárhústóft [502] er t.v. og bærinn [500] neðst. 30

Mynd 13. Leynist eldri bær [503] í þessum grasi gróna hól? 31

Mynd 14. Horft beint niður á illgreinanlegar tóftir [504] sem eru örlítið grænni fyrir miðju myndar, þar sem skrásetjarar standa. 32

Mynd 15. Horft beint niður á tóft sem gæti verið af aðhaldi [505]; sést hér fyrir miðju austan við lækinn. Norður snýr upp. .......... 34

Mynd 16. Sokkin grjóthrúga [506] með ferhyrnda lögun. Kannski stóð brunnhúsið [506] þarna. .......... 35

Mynd 17. Horft beint niður á tóft [507]. Norður snýr nokkurn veginn upp. .......... 37

Mynd 18. Horft austur yfir tóft [508] úr lofti. Lengra frá sést garður [511]. .......... 38

Mynd 19. Horft norður yfir garðlag [509] í átt að tóft [508]. .......... 39

Mynd 20. Tóft [510] sést sem þústir sem bunga meira upp en umhverfið. .......... 40

Mynd 21. Minjar meðfram austurbakka Austmannsdalsár. Myndin er tekin með flygildi og vestur snýr upp. Garðlag [509] er lengst t.v. og tóft [510] er í þýfinu upp við hann. Fyrir miðju næst læknum má sjá tóftir [508] og [507] og neðst á myndinni er garður [511]. .......... 41

Mynd 22. Grjóthrúga [512] á garði [511]. .......... 42

Mynd 23. Grjóthlaðinn réttarveggur [514]. .......... 42

Mynd 24. Rétt [514] með aðhaldi [517]. Beðasléttur [513] sjást t.h. Suðvestur snýr upp. .......... 43

Mynd 25. Aðhald [517] fremst og grjóthlaðinn réttarveggur fjær. Horft norðaustur. .......... 44

Mynd 26. Horft norðaustur eftir girðingarstæði [516] sem liggur út frá grjóthlöðnu norðurhorni réttar [514]. .......... 45

Mynd 27. Horft norður yfir minjar sunnan í túninu. Rétt [514] er áberandi fyrir miðju. T.h. við hana er áberandi þústarsvæði. T.v. sjást beðasléttur [513] ásamt V-laga fráveitu við lækinn. Fráveiturennan sem er nær á myndinni endar við mannvirki [519] og [520] við lækinn og lengst t.v. sést í túngarð [538]. .......... 46

Mynd 28. Garðlag [519] t.v. og grjóthrúga [520] t.h. Lengra frá sést túngarðurinn [538]. .......... 47

Mynd 29. Grjóthrúga – tóft [522] .......... 48

Mynd 30. Mylluhús [523] á austurbakka Austmannsdalsár séð ofan frá. Austur snýr upp. .......... 49

Mynd 31. Tóft af mylluhúsi [523] við Bæjarlæk. Horft suðvestur að aðhaldi [524]. .............. 50

Mynd 32. Horft frá myllunni [523] suðvestur inn í dæld með aðhaldi [524]. Hleðslur sjást fyrir miðju. .......... 51

Mynd 33. Mylluhús [523] ofar t.v. og tvær aðhaldshleðslur [524] neðar fyrir miðju. Mannvirkin eru sín hvoru megin við lækinn. .......... 51

Mynd 34. Grjóthlaðnar undirstöður gamallar brúar [525] varðveittar beggja vegna lækjarins, þ.e. Austmannsdalsár. .......... 52

Mynd 35. Horft suður yfir lambhústóftir [526] í átt að túngarði [538]. .......... 53

Mynd 36. Horft beint niður á lambhústóftir [526] úr lofti. Austur snýr upp. .......... 54

Mynd 37. Tóft [528]. .......... 55

Mynd 38. Horft beint niður á tóft [531] sem byggð er upp við innri hlið vesturtúngarðsins [538] sem sést efst á myndinni. .......... 56

Mynd 39. Tóft [532] upp við innanverðan túngarð [538]. Horft suður. .......... 57

Mynd 40. Hleðsla [533] við skurð utan túngarðs [538]. .......... 58

Mynd 41. Tóft [534] við utanverðan túngarð [538]. .......... 59

Mynd 42. Yfirgróinn túngarður [538] fyrir miðju, tóft [534] fremst t.v., tóft [532] fjær t.h. og beint á móti henni t.v. er grjóthleðsla eða hellulögn [533]. .......... 60

Mynd 43. Grjóthrúga [535]. .......... 60

Mynd 44. Hluti af rétt [537] og túngarðurinn [538] sést lengra frá. .......... 61

Mynd 45. Horft beint niður á rétt [537] í brekku ofan og vestan við Bæjarlækinn. Leið [542] (t.v.) liggur gegnum túngarðinn rétt sunnan við réttina. Vestur snýr upp. .......... 62

Mynd 46. Túngarðurinn sést t.v. og efst. .......... 63

Mynd 47. Horft vestur eftir suðurtúngarðinum [538]. .......... 64

Mynd 48. Girðingarstæði [539] sem liggur milli lækjanna tveggja skorið sundur af akstursspori [501]. .... 66

Mynd 49. Girðingarstæði eða garðlag [540] liggur fyrir innan eystri lækinn eða Austmannsdalsá, og sést hér sem bein lína frá vinstri til hægri um miðbik myndar. Suðaustur snýr upp á myndinni. .... 67

Mynd 50. Grunsamleg grjóthrúga [530] austan í túninu. .... 68

## Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. .... 2

Kort 2. Skráningarsvæðið er innan grænu línunnar. .... 11

Kort 3. Minjar á skráningarsvæðinu. .... 19

Kort 4. Uppmældar minjar í og við bæjarstæði Austmannsdals. .... 22

Kort 5. Minjar sunnan og vestan í túni Austmannsdals. .... 36

Kort 6. Minjar vestan í túni Austmannsdals. .... 36

Kort 7. Uppmæling af rétt [537]. .... 69

Kort 8. Uppmælingar af myllu [523] og aðhaldi [524]. .... 69

# Inngangur

Að beiðni Arnaldar Schram, fyrir hönd Studio A Schram slf., tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar í Austmannsdal í Arnarfirði. Skráningin fékk verkefnanúmerið 3360 hjá Minjastofnun Íslands.

Á svæðinu voru skráðar 41 minjar. Nyrst í túni fundust tóftir bæjarhúsa og aðrar minjar tengdar búskap í Austmannsdal. Ýmis mannvirki eru einnig vestan og sunnan í túninu, meðal annars tvær vel varðveittar grjóthlaðnar réttir og túngarður, byggður mestmegnis úr grjóti við vesturjaðar og hluta suðurjaðars. Vel varðveitt myllutóft og grjóthlaðnar brúarundirstöður eru hins vegar við Austmannsdalsá í austurjaðri túnsins. Sum mannvirkin, svo sem túngarðurinn, sjást ekki á túnakorti jarðarinnar frá árinu 1920 og eru því hugsanlega byggð eftir að það var teiknað og þá rétt um 100 ára gömul. Þetta á við flestar minjarnar vestast í túninu, meðfram Bæjarlæknum og vestar. Sumar hafa þó engu að síður nokkurt minjagildi.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir af minjunum.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.




**Kort 2. Skráningarsvæðið er innan grænu línunnar.**

## Fornleifaskráning og skráningarsvæðið

Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram í Austmannsdal. Gengið var um svæðið, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Austmannsdalur er einn Ketildala sem liggja í röð frá Kópsnesi inn að Bíldudalsvogi við suðurströnd Arnarfjarðar. Þverhníptir fjallgarðar mynda dalina sem eru umkringdir klettabeltum efst og niður af þeim falla snarbrattar skriður. Víða teygja fjöllin sig þverbrotin í sjó fram en þau tróna tignarleg yfir Austmannsdal handan við látlausan akstursveg sem liggur út með firðinum.

Sjálft skráningarsvæðið nær yfir allt gamla Austmannsdalstúnið sem liggur í aflíðandi halla frá akstursveginum að sunnanverðu niður að Arnarfirði að norðanverðu. Túnið liggur hátt

ofan sjávar og eru tóftir bæjarhúsa norðan í því. Vestan megin og að hluta til sunnan megin er það umgirt grjót- og torfhlöðnum túngarði [538]. Bæjarlækurinn, einnig nefndur Kleifalækur, rennur um Árdalinn, gamlan árfarveg í vestanverðu túninu og hafa vesturmörk túnsins verið meðfram honum þegar túnakort Austmannsdals var teiknað árið 1920.[1] Síðar hefur túnið verið stækkað í vestur og þá hefur mögulega verið byggður túngarður meðfram jöðrum þessarar viðbótar.

Meðfram austurjaðri túnsins rennur annar lækur, nefndur Austmannsdalsá, og hefur af nafninu að dæma verið straumharðari áður. Innan við þennan læk hefur verið garður eða girðing sem sést á túnakortinu og þar má sjá leifar af garðlagi eða girðingarstæði [540]. Annað girðingarstæði [539] liggur vestur frá því í átt að grjóthlaðna túngarðinum [538].



**Mynd 1. Horft norður yfir skráningarsvæðið að Arnarfirði. Bæjarlækur t.v. og Austmannsdalsá t.h.**

[1] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“[2]

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“[3]

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.[4]

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem

[2] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 3. gr.
[3] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 21. gr.
[4] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. og 38. gr.

þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.[5]

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. [6]

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra

[5] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 16. gr.
[6] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. gr.

framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.[7]

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Austmannsdal. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Austmannsdalsbrú„ [3360-525]", síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vestfjörðum.

[7] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 28. gr.

| | |
|---|---|
| Id | 500 |
| Name | Bæjarhús |
| Class | Arkeologiska object |
| eldra_minj_id | Ekki skráð áður |
| Minj_id | 3360-500 |
| Sérheiti | Austmannsdalur |
| Bæjarnafn | Austmannsdalur |
| Jarðatal Johnsen | <None> |
| Yfirflokkun | búsetuminjar |
| Verkefna nr | 3360 |
| tegund | hús |
| Efni | steypa |
| Friðað | friðað |
| Leið | |
| lengd | 9.2 meter |
| breidd | 7.9 meter |
| hæð | |
| Veggjahæð frá | 4 |
| Veggjahæð til | 6 |
| Breidd veggjar | 0.5 |
| Umhverfi | garðlönd og tún |
| svæði | heimatún |
| Túnakort | Túnakort 1920 |
| aldur frá | 1850 |
| aldur til | 1940 |
| skráning | Ragnheiður Traustadóttir \| Rúna K. Tetzschner |
| mæling | uppmæling |
| Dagur | 18.08.2024 |
| horfin | Nei |
| horfin_astæða | <None> |
| hættumat | <None> |
| hættuorsok | <None> |
| haetta_tilefni | <None> |
| ástand | vel greinanlegar |
| minjagildi | mikið |
| Verkefni | Deiliskipulag Austmansdalur |
| sveitarf | Vesturbyggð |
| Hlutverk | Býli |

**Mynd 2. Skráningarform Vesturbyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis naust. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis mylla [3360-523].

### Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Vestfjarða. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa tvær fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

## Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Minjar á skráningarsvæðinu.**




**Mynd 3. Túnakort Austmannsdals árið 1920. Norðaustur snýr upp. Hér sjást fjögur mannvirki sem eru varðveitt: Bær Guðjóns Árnasonar [500] nyrst í túni ásamt eldri bæ [503] t.v. og fjárhúsum [502] t.h. og rétt [514] syðst í túni. Einnig er vestri heimreið [529] merkt inn rauðlituð en hún er horfin næst bænum.**

## Austmannsdalur [3360]

Nafnið Austmannsdalur er í síðari tíma sögnum tengt fyrsta ábúanda jarðarinnar sem á að hafa verið Austmaður en svo voru Norðmenn nefndir að fornu. Samkvæmt þeim á sá sem nam dalinn að hafa komið frá Noregi eins og fleiri landnámsmenn. Sagnirnar byggja á *Hrings sögu og Tryggva*, ungri íslenskri rómönsu, þ.e. riddarasögu sem hefur verið frumsamin á Íslandi og er varðveitt í brotum í handritum frá síðari öldum og í rímum. Riddarsögur voru skáldaðar

sögur sem áttu sér blómatíma á 14. og 15. öld en haldið var áfram að semja þær til skemmtunar allt fram á 19. öld.[8]



**Mynd 4. Horft niður í tóft bæjarins [500] úr lofti. Suðvestur snýr upp.**

Í vestfirskri sögn í safni Helga Guðmundssonar sem dvaldi í Ketildölum við kennslu 1921-1932, segir frá skiptum Austmannsins og Hrings sem bjó í næsta dal. Hringur varð fóstbróður Austmannsins að bana í Noregi og flýði undan honum til Íslands þar sem hann reisti bú í Hringsdal. Austmaðurinn elti hann og reisti sér bæ aðeins utar með Arnarfirðinum. „Sá bær hefur síðan verið kenndur við hann og er kallaður Austmannsdalur.“[9] Austmaðurinn náði að lokum að vega Hring sem var heygður í Hringsdal en varð líka sjálfur sár í bardaganum.

> Sár hans greru seint og illa , og lifði hann við örkuml það, sem eftir var æfinnar. Hann bjó ávalt í Austmannsdal eftir þetta og dó þar. En áður hann dó, mælti hann svo fyrir, að sig skyldi heygja á fjallsgnípu fyrir ofan bæinn í Austmannsdal, því að þaðan gæti hann vel séð yfir landareign sína. Þetta var gert, og heitir fjallsgnípa þessi Haugshorn enn í dag.“Austmaðurinn var síðan heygður á fjallshorninu Haugshorni þar sem útsýn var yfir allt land hans í Austmannsdal.[10]

[8] Torfi H. Tulinius, 1993, 218-220, 245.
[9] *Vestfirskar sagnir*, I, 2.
[10] *Vestfirskar sagnir*, I, 4.

Sögnin ber öll einkenni þess að vera sprottin af þörf fyrir örnefnaskýringu og er í raun einungis til vitnis um að nafnið Austmannsdalur var til þegar hún var fest á blað. Helgi Guðmundsson hefur væntanlega skrifað hana niður eftir Guðjóni Árnasyni ábúanda í Austmannsdal sem var „orðlagður hafsjór af sagnafróðleik". Hjá þessum mikla sagnamanni dvaldi Helgi löngum og er talið að kynnin í Austmannsdal hafi stuðlað að því að áhugi hans vaknaði á söfnun þjóðsagna, munnmæla og örnefna á Vestfjörðum.[11]




**Kort 4. Uppmældar minjar í og við bæjarstæði Austmannsdals.**

Jörðin sjálf er hins vegar ekki nefnd í fornum heimildum og hvorki í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um 1700 né í *Jarðatali* Johnsens.[12] Miðað við það hefur hún ekki verið í ábúð þegar þessar jarðaskráningar fóru fram. Jafnvel er hugsanlegt að hún hafi ekki byggst fyrr en upp úr aldamótum árið 1902 þegar hinn atorkusami bóndi og sagnamaður, Guðjón Árnason, reisti þar steinhús [500]. Í örnefnalýsingum er að vísu getið um eldri bæ

[11] Óli Þ. Guðbjartsson, 1933, xi.
[12] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, VI, 1938; Johnsen, 1947.

[503] en það eru líka óljósar sagnir. Guðjón bjó í Austmannsdal í 30-35 ár og síðan tók Guðbjartur sonur hans við ábúðinni. Búið var á jörðinni fram á miðja 20. öld.[13] Heimildir benda frekar til þess að ábúðartíminn í Austmannsdal hafi einungis náð yfir búskapartíð þeirra feðga, þ.e. um hálfa öld, og eru minjarnar flestar um 100-120 ára gamlar.



**Mynd 5. Innanverður suðausturveggur bæjarins [500].**

## Bær [3360-500] bústaður

Síðasti bærinn í Austmannsdal er teiknaður inn á túnakort með anddyri sem snýr í suðvestur árið 1920.[14] Um hann segir Lárus J. Guðmundsson: „Frá fyrstu tíð munu bæjarhús hafa staðið á svipuðum stað og nú í dag. Var íbúðarhúsið reist árið 1902 af Guðjóni Árnasyni bónda og eiganda jarðarinnar sem þar bjó í 30-35 ár. Eftir hans dag bjó þar sonur Guðjóns, Guðbjartur.

[13] Ö-Austmannsdalur LJG, 1.
[14] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.

Nefnt hús var hlaðið úr höggnu grjóti og steinlímt. Voru veggir þess um 1 m að þykkt. Mun hvorki veðragnýr né tímans tönn vinna á þessum handaverkum í náinni framtíð.“[15] Stefán Thoroddsen lýsir síðan staðháttum nánar: „Upp af Brekku liggur Austmannsdalstúnið og rétt ofan við bakkana og spölkorn innan við Árdal stóð Austmannsdalsbær, steinhús byggt úr höggnu grjóti lögðu í sement og húðað að utan með sandsteypu. Veggirnir eru mjög þykkir og standa enn (1989) þótt þak og annað sé nú ýmist fokið eða stórskemmt.“[16]

Bæjarstæðið er nyrst í túninu, hátt uppi á Brekkunni, grasi vöxnum sjávarbakka, og er útsýni yfir Arnarfjörðinn. Lýsingar Lárusar og Stefáns duga ágætlega en tóft hússins með veggjum stendur enn þá, ásamt hluta af strompi í miðju þess. Þakið er hins vegar hrunið og einungis grjóthlaðnar undirstöður og steinsteypubrot eftir af anddyrinu. Veggir eru byggðir úr tilhöggnu steinlímdu grjóti og steinsteyptir að utanverðu. Grjóthleðslur sjást neðst í sverði meðfram útveggjum. Stétt hefur legið frá anddyrinu vestur með húsveggnum og þaðan eru tröppur niður að kjallaradyrum á norðvesturvegg; augsýnilega hefur verið kjallari undir húsinu. Fimm gluggar eru á neðanverðum húsveggjum og aðrir fimm á þeim ofanverðum. Veggir er þykkastir neðst og er veggjabreidd þar um 0,6 m. Veggjahæð er á bilinu 4-6 m en ris er á húsinu. Þetta hefur verið vegleg bygging á sínum tíma og hún hefur töluvert minjagildi.

[15] Ö-Austmannsdalur LJG, 1.
[16] Ö-Austmannsdalur STh, 3.



**Mynd 6. Hér sést gata [541] t.h. sem liggur milli bæjar [500] í miðju og Bæjarlækjar. Horft beint niður á minjarnar og suður snýr upp.**

## Leið [3360-541] gata

Gata liggur frá kjallaradyrum bæjarhússins [500] norðvestur í átt að Bæjarlæknum. Lækurinn rennur þarna ofan í gili, svokölluðum Árdal, niður að sjó en gatan hverfur á brekkubrúninni ofan hans.



**Mynd 7. Eystri heimreið [501] þar sem akstursspor liggur yfir túnið frá aðalvegi.**

## Heimreið – eystri [3360-501] gata

Frá núverandi akstursvegi liggur aksturspor norður yfir túnið að fjárhústóft [502] og bæjartóft [500]. Mögulega hefur þarna verið keyrt ofan í eldri heimreið sem sést þó ekki á túnakorti.



**Mynd 8. Horft norður eftir endilöngum vesturtúngarði [538] fyrir miðri mynd og sést gata [529] t.h. við hann þar sem skrásetjari stendur.**

## Heimreið – vestri [3360-529] gata

Á túnakorti virðist vera merkt inn rauðlituð leið sem liggur frá Bæjarlæknum norðaustur að bænum. Þarna hefur verið önnur heimreið að bænum.[17] Hún sést ekki á vettvangi næst bænum en framhald hennar er hins vegar sýnilegt milli tveggja skurða vestan við lækinn og hjá suðvesturhorni túngarðsins [538]. Leiðin hefur legið þar í gegn og er komið nýlegra akstursspor ofan í hana.

[17] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.



**Mynd 9. Horft beint niður á fjárhús [502]; suðaustur snýr upp á myndinni.**

## Fjárhús [3360-502] tóft

Á túnakorti er stórt útihús sýnt sunnan eða suðaustan við bæinn[18] en samkvæmt örnefnalýsingu stóðu bæjar- og peningshús öll rétt ofan við hina háu bakka.[19] Fjárhús ásamt hlöðu og fleiri húsum eru suðaustan við bæinn [500] ofan við sjávarbakkana. Þau hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslur mjög greinilegar en einnig hefur verið notast við steinsteypu. Fjárhús með tveimur 0,6 m háum görðum er fremst og snýr norðaustur að firðinum. Eystri garðinn skiptir því í tvö rými. Í vestri garðanum er steinsteypt bað. Á framhlið fjárhússins eru tveir útgangar.

[18] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.
[19] Ö-Austmannsdalur LJG, 1.

Botninn í tóft fjárhússins liggur um 1 m lægra en í öðrum rýmum á bak við það en þau eru sex eða sjö talsins. Í rými sem mögulega hefur verið hlaða eru steyptir veggir á grjóthlöðnum undirstöðum að suðvestan og suðaustan. Gengið er inn í hlöðuna norðvestan megin og úr henni er innangengt í eystra rými; dyrahella er í innganginum á milli. Hæð veggja er yfirleitt á bilinu 0,6-1,5 m og breidd 0,7-1,3 m.



**Mynd 10. Horft norður yfir fjárhústóft [502] með tveimur görðum. Bæjarhúsið sést t.v.**

Tóftirnar eru flestar ágætlega varðveittar og vel greinalegar. Tvö lítil rými yst að norðvestan sjást þó mjög illa; veggir eru alveg yfir grónir grasi og ná mest um 0,3 m hæð. Inngangur virðist vera í syðra rýmið af þessum tveimur og þaðan innangengt í nyrðra rýmið. Tóftin suðvestan við steinsteypta hlöðuvegginn er einnig ógreinileg; hleðslugrjót er sýnilegt en veggir lágir, mest 0,3 m á hæð. Inngangur í þetta rými er á suðvesturvegg. Heildartóftin hefur töluvert minjagildi.



**Mynd 11. Steinsteyptur hlöðuveggur í tóft [502].**



**Mynd 12. Tóft [503] er illgreinanleg en sést þó móta fyrir henni á þessari flygildismynd ofarlega t.h. Fjárhústóft [502] er t.v. og bærinn [500] neðst.**

## Eldri bær [3360-503] tóft

Á túnakorti er sýnt hús vestan við íbúðarhúsið [500].[20] Í örnefnalýsingu er talað um að steinhúsið [500] sem Guðjón byggði hafi leyst af eldri torfbæ sem „stóð ofar í túninu á svokölluðum bæjarhól“.[21] Spurning er hvort vestra húsið á túnakortinu geti þá verið eldri bærinn ef hann hefur enn verið uppistandandi árið 1920. Á þessum stað, vestur af bæ Guðjóns, er að minnsta kosti hóll og tóft ofan í honum. Þetta gæti þó líka verið útihús.



**Mynd 13. Leynist eldri bær [503] í þessum grasi gróna hól?**

Hæð hólsins frá bæjarhlaði er um 1,5 m. Hann er alveg yfir gróinn grasi og tóftin er mjög sokkin og illgreinanleg; þó virðist mega sjá fjögur rými með stefnu norðvestur – suðaustur. Tvö samliggjandi stærri rými eru vestar og er líklega inngangur á norðvesturgafli þess eystra

[20] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.
[21] Ö-Austmannsdalur LJG, 1.

og þaðan innangengt í vestra rýmið. Úr eystra rýminu hefur líka verið hægt að ganga yfir í lítið rými sem gengur út af suðausturgaflinum og þaðan yfir í fjórða rýmið sem er með sérútgang sem snýr að steinbyggða bænum. Þreifa þarf fyrir veggjunum til að átta sig á þeim. Ekkert hleðslugrjót er sýnilegt en hart undir og virðist mega finna fyrir því á stöku stað. Hæð veggja er á bilinu 0,2-0,5 m og lækkar út en halli er á rýmunum niður hólinn. Tóftin er að öllum líkindum gömul og hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 14. Horft beint niður á illgreinanlegar tóftir [504] sem eru örlítið grænni fyrir miðju myndar, þar sem skrásetjarar standa.**

## Hlöðuhóll [3360-504] tóft

Í örnefnalýsingu segir Stefán: „Fyrir innan bakkana rétt ofan við bæinn er Hlöðuhóll.“[22] Lárus segir: „Nær bæjarhúsum er hóll einn og heitir hann Hlöðuhóll.“[23] Örnefnalýsingarnar eru

[22] Ö-Austmannsdalur STh, 4.
[23] Ö-Austmannsdalur LJG, 5.

óljósar en kannski er Hlöðuhóllinn vestur frá tóft [503] á hæðarbrúninni ofan við Bæjarlæk sem rennur til sjávar fyrir neðan. Þar eru tvær sokknar tóftir sem hafa líklega verið hluti af sama mannvirki. Þær eru mjög yfirgrónar grasi og samrunnar umhverfinu en glittir þó í grjót. Veggjahæð er um 0,2-0,5 en breidd um 0,7. Veggir eru lægri í nyrðri tóftinni sem er einungis brot og opnast í austur. Syðri tóftin liggur örlítið lægra og er inngangur á norðausturhorni. Tóftirnar eru líklega gamlar og hafa nokkurt minjagildi sem slíkar.



**Mynd 14. Horft yfir illgreinanlegar tóftir [504] á Hlöðuhól.**



**Mynd 15. Horft beint niður á tóft sem gæti verið af aðhaldi [505]; sést hér fyrir miðju austan við lækinn. Norður snýr upp.**

## Aðhald [3360-505] tóft

Í brekkunni fyrir neðan og vestan Hlöðuhól [504], austan og ofan Bæjarlækjar er laut þar virðist mega greina hlaðna mjög yfirgróna og sokkna veggi. Þeir liggja á flöt vestur út frá brekkunni sem myndar náttúrulegan vegg að austan. Grjóthnullungar eru við op sem snýr að ánni. Hugsanlega hefur þetta verið aðhald en það hefur lítið minjagildi.

## Brunnhús [3360-506] grjóthrúga – tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Þar sem bakkarnir enda utan við bæinn er jarðfall mikið, Árdalurinn gamall árfarvegur án efa. Eftir honum fellur lækurinn, Bæjarlækurinn. Var vatnsbólið í honum rétt þar við sem bæjarvegurinn liggur yfir túnið og upp á alfaraveg. Hús var yfir vatnsbólinu í

seinni tíð, Brunnhúsið. Um þetta svæði er túnið lægst en hækkar svo til suðvesturs.“[24] Þarna er augsýnilega átt við bakkana vestan bæjarins þar sem lækurinn rennur á gilbotni þegar nær dregur sjónum. Austan megin á lækjarbakkanum er hrúga af stórum grjóthnullungum á kafi í grasi, um 0,1-0,3 m á hæð. Veggir sjást ekki en hrúgan virðist hafa reglulega ferhyrnda lögun. Mögulega eru þetta brotin af brunnhúsinu. Ef marka má túnakortið lá vestri heimreiðin [529] að læknum á þessum stað[25] og fer það saman við lýsinguna á staðsetningu brunnhússins við bæjarveginn. Einnig stendur heima að túnið er lægst þarna en hækkar í suðvestur handan lækjarins. Grjóthrúgan hefur þó lítið minjagildi.



**Mynd 16. Sokkin grjóthrúga [506] með ferhyrnda lögun. Kannski stóð brunnhúsið [506] þarna.**

[24] Ö-Austmannsdalur LG, 5.
[25] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.




**Kort 5. Minjar sunnan og vestan í túni Austmannsdals.**




**Kort 6. Minjar vestan í túni Austmannsdals.**



**Mynd 17. Horft beint niður á tóft [507]. Norður snýr nokkurn veginn upp.**

## Hjallur [3360-507] tóft

Stefán nefnir hjall sem á að hafa verið á Hlöðuhól ásamt fleiri húsum.[26] Lýsingin er þó fremur óljós. Kannski var hjallurinn nokkuð sunnar við lækjarbakkann. Þar hefur varðveist tóft sem snýr norðaustur – suðvestur. Útgangur er á norðurhorni og snýr því frá ánni að bæ. Tóftin er yfirgróin grasi og mosa, hleðslugrjót ekki sýnilegt en hart undir svo líklega hefur húsið verið hlaðið úr torfi og grjóti. Botninn liggur töluvert lægra en umhverfið eins og hann sé niðurgrafinn. Innanvert eru veggir um 0,5-1,1 m á hæð en utanvert einungis 0,1-0,4 m. Breidd veggja er um 0,9 m. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

[26] Ö-Austmannsdalur STh, 4.



**Mynd 18. Horft austur yfir tóft [508] úr lofti. Lengra frá sést garður [511].**

## Útigeymsla [3360-508] tóft

Samkvæmt Stefáni var útigeymsla ásamt fleiri húsum á Hlöðuhól.[27] Lýsingin er óljós en tóft á árbakkanum sunnan við hjall [507] gæti verið af þessari útigeymslu. Hún stendur úti á brún árbakkans sem liggur á þessum stað um 1,4 m hærra en áin. Tóftin opnast vestur að ánni en stefnan er vestur − austur. Inngangur í hana virðist vera á norðurhlið og liggur slóð að henni, sennilega frá bænum.

Stór náttúrulegur grjóthnullungur er á suðausturhorni og myndar hluta veggjarins. Að öðru leyti eru veggirnir yfirgrónir grasi og mótar ekki fyrir grjóti en sennilega eru þeir þó hlaðnir úr torfi og grjóti. Breidd veggja er á bilinu 1-1,4 m. Hæð veggja frá botni er 0,8-1,4 m að

[27] Ö-Austmannsdalur STh, 4.

meðtöldum stóra hornsteininum en að utan ná þeir 0,5-1 m hæð. Utanvert við austurgaflinn sést varla neinn hæðarmunur á veggnum og umhverfinu eins og tóftin sé grafin inn í bakkann þeim megin. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

## Garður [3360-509] garðlag

Ofan árinnar, suður frá tóft [508] liggur sokkið garðlag með stefnu suðvestur. Það er á kafi í grasi og sést ekkert grjót en er hart viðkomu. Breidd er um 0,7 m og hæð 0,2-0,5 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt en líklega tengist það öðrum minjum meðfram austurbakka Bæjarlækjar.



**Mynd 19. Horft norður yfir garðlag [509] í átt að tóft [508].**



**Mynd 20. Tóft [510] sést sem þústir sem bunga meira upp en umhverfið.**

## Óþekkt [3360-510] tóft

Lítil tóft er byggð upp við garðlag [509] vestan megin og snýr útgangur vestur að ánni. Veggir líkjast þústum sem mynda þó tóft á kafi í grasi. Hart er undir og má ætla að þar leynist grjót. Þústir eru einnig inni í tóftinni og þýft í kring. Hún er mjög ógreinileg en sker sig þó frá umhverfinu að því leyti að hún bungar meira upp. Breidd veggja er um 0,7 m, svipuð og á garðlaginu.



**Mynd 21. Minjar meðfram austurbakka Austmannsdalsár. Myndin er tekin með flygildi og vestur snýr upp. Garðlag [509] er lengst t.v. og tóft [510] er í þýfinu upp við hann. Fyrir miðju næst læknum má sjá tóftir [508] og [507] og neðst á myndinni er garður [511].**

## Matjurtagarður [3360-511] garðlag og [3360-512] grjóthrúga

Austan tóftar [508] er svæði umgirt garði þar sem gæti hafa verið matjurtagarður [511]. Veggir í kring eru 0,5-0,7 m á hæð en veggjabreidd 1-1,5 m. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi en grjót einungis sýnilegt á suðvesturhorni þar sem það liggur í hrúgu [512], um 1 x 1,5 m að umfangi. Líklega er hrúgan hluti af garðinum. Veggirnir eru skýrastir að vestan og norðan en samfallnari á aðrar hliðar þannig að útlínur sjást illa. Á vettvangi er ekki hægt að sjá vegg að austanverðu en greina má afmörkun á flygildismynd. Í vesturhorni garðsins virðist veggjatota liggja inn í garðinn og mynda afmarkað mannvirki. Garðurinn hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 22. Grjóthrúga [512] á garði [511].**



**Mynd 23. Grjóthlaðinn réttarveggur [514].**

## Rétt [3360-514] grjóthleðsla og girðingarstæði

Á túnakorti er teiknað inn ferhyrnt mannvirki með stefnu norðvestur – suðaustur.[28] Miðað við afstöðu þess frá bænum [500], fjárhúsi [502] og Bæjarlæknum sem er teiknaður inn á kortið virðist þetta mannvirki standa þar sem varðveitt er grjóthlaðin rétt [514]. Mannvirkið á túnakortinu er aflangara og heldur minna en réttin gæti hafa verið stækkuð með því að lengja veggi hennar til suðvesturs í átt að læknum.

Réttin er austan við ána en sunnan við matjurtagarð [511]. Hún er 20.5 x 15 m, reglulega ferhyrnd í laginu með stefnu norðvestur – suðaustur eins og mannvirkið á túnakortinu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti á þrjár hliðar, að norðvestan, norðaustan og suðaustan. Þeir eru 0,7-1 m á breidd og ná 0,2-0,8 m hæð, hæstir að utanverðu. Veggurinn norðvestan megin nær lengra í suðvestur en veggurinn hinum megin.



**Mynd 24. Rétt [514] með aðhaldi [517]. Beðasléttur [513] sjást t.h. Suðvestur snýr upp.**

[28] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.

Að suðvestanverðu hefur líklega verið girðing fyrir réttinni. Á þá hlið er nú einungis ógreinileg upphækkun í grasinu sem gæti verið frá girðingarstæði. Það er um 0,5 m á breidd og sést einungis sem um 0,1 m upphækkun í túninu. Inngangur í réttina er á þessari hlið. Réttin hefur töluvert minjagildi.



**Mynd 25. Aðhald [517] fremst og grjóthlaðinn réttarveggur fjær. Horft norðaustur.**

### Aðhald [3360-517] hleðsla

Inni í réttinni er lítil tvískipt tóft. Hún er ógreinileg og sjást einungis einfaldar raðir steina. Þrír grjóthnullungar liggja í röð austanvert og út frá þeim liggja þrjár einfaldar raðir minni steina í vestur. Minni steinarnir eru nokkuð sokknir og virðist steinum einnig hafa verið raðað innst við stóru hnullungana. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað en ef til vill hefur þarna verið aðhald fyrir einstakar kindur.



**Mynd 26. Horft norðaustur eftir girðingarstæði [516] sem liggur út frá grjóthlöðnu norðurhorni réttar [514].**

## Girðingarstæði [3360-516]

Garðlag eða girðingarstæði liggur í norðaustur út frá norðurhorni réttarinnar [514]. Það er 0,2-0,4 m á hæð og um 0,6 m á breidd og sést sem grasi gróin upphækkun í túninu. Engin girðing er sýnileg en þetta gæti verið girðingarstæði fremur en eiginlegur garður. Ekki sést þó nein gaddavírsgirðing. Girðingin virðist ekki vera hluti af réttinni sjálfri. Austan og sunnan við girðingarstæðið og réttina [514] er þýft svæði sem sker sig frá túninu í kring en er líklega náttúrulegt.



**Mynd 27. Horft norður yfir minjar sunnan í túninu. Rétt [514] er áberandi fyrir miðju. T.h. við hana er áberandi þústarsvæði. T.v. sjást beðasléttur [513] ásamt V-laga fráveitu við lækinn. Fráveiturennan sem er nær á myndinni endar við mannvirki [519] og [520] við lækinn og lengst t.v. sést í túngarð [538].**

## Beðasléttur [3360-513] jarðræktarsvæði

Norðvestan við rétt [514] eru mjög skýrar beðasléttur sem liggja norðvestur – suðaustur. Þær afmarkast af réttinni að suðaustan, garðlagi [509] að norðvestan og matjurtagarði [511] að norðaustan. Vestan megin rennur lækurinn og virðist hafa verið fráveita [521] frá beðasléttunum að honum. Beðasléttunar hafa nokkurt minjagildi sem hluti af heildinni.

## Fráveita [3360-521] skurður

Tvær rennur liggja frá læknum inn á beðaslétturnar. Rennurnar liggja saman í V en eru grynnri og ógreinilegri þar sem þær mætast. Dýptin á þeim er 0,3-0,8 m og breiddin 0,5-0,7 m. Mögulega hafa þær verið notaðar til að veita vatni frá beðasléttunum. Minjagildi er lítið.



**Mynd 28. Garðlag [519] t.v. og grjóthrúga [520] t.h. Lengra frá sést túngarðurinn [538].**

## Grjóthrúga [3360-520] og garðlag [3360-519]

Á árbakkanum við syðri enda fráveiturennu [521] eru tvö samtengd mannvirki. Grjóthrúga [520] hefur ferhyrnda lögun og nær um 0,8 m hæð. Suðaustur út frá henni liggur stutt garðlag [519], um 0,9 m á hæð og 0,8 m á breidd. Grjóthrúgan og garðlagið liggja saman þannig að ef til vill er um eitt mannvirki að ræða. Minjagildi er lítið.



**Mynd 29. Grjóthrúga – tóft [522].**

## Óþekkt [3362-522] grjóthrúga-tóft

Í túninu nokkuð sunnan við rétt [514] er grjóthrúga með ferhyrnda lögun. Einungis virðist vera um að ræða einfalt lag af grjóti sem nær um 0,2 m hæð en lögunin gæti bent til að því hafi verið hent í tóft. Veggir sjást þó ekki. Grjóthrúgan hefur lítið minjagildi.

## Mylla [3360-523] tóft

Í örnefnalýsingu segir Lárus: „Í ánni, nokkuð neðan við núverandi brú, var endur fyrir löngu Vatnsmylla. Var hún staðsett í litlum árdal, þar heitir síðan Vatnsmylluárdalur.“[29] Myllan var utan túns og í henni var malað korn með vatnsafli. Segir Stefán Thoroddsen að myllusteinarnir hafi verið þarna fram yfir miðja 20. öld en síðan horfið.[30]

[29] Ö-Austmannsdalur LG, 5.
[30] Ö-Austmannsdalur STh, 3.

Grjóthlaðin tóft með stefnu norður – suður stendur á austurbakka árinnar sem nú er einungis lækur. Veggir eru varðveittir upp í 0,5-1,4 m hæð en breidd þeirra um 0,8 m. Þeir eru hæstir við langhliðar en lægri á göflum. Suðurgaflinn virðist hafa verið dálítið niðurgrafinn og hefur verið op á honum en inngangur er greinilega á norðurgafli.



**Mynd 30. Mylluhús [523] á austurbakka Austmannsdalsár séð ofan frá. Austur snýr upp.**

Tóftin er utan túns eins og myllan sem sagt er frá í örnefnalýsingum, ofan í gamla árfarveginum. Líklega er hún af gamla mylluhúsinu og hefur vatnið þá verið leitt inn um opið að sunnanverðu að láréttu mylluhjóli á botninum fyrir innan. Tóftin minnir á aðrar þekktar

myllutóftir og er af svipaðri stærð og flest mylluhús á Íslandi en myllur voru mjög algengar á Íslandi á 19. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar.[31] Myllutóftin hefur mikið minjagildi.



**Mynd 31. Tóft af mylluhúsi [523] við Bæjarlæk. Horft suðvestur að aðhaldi [524].**

### Aðhald [3360-524] hleðsla

Skáhallt á móti myllutóftinni [523], á vesturbakka lækjarins, er svolítill hóll og grösug dæld á milli hans og bakka nokkru vestar. Milli hólsins og bakkans eru tvær samhliða raðir af steinum sem gætu verið leifar hleðslu og hefur þá verið örlítið aðhald þarna í dældinni. Þetta eru þó mjög ógreinilegar minjar sem hafa lítið gildi.

[31] Ragnheiður Traustadóttir, Hermann J. Hjartarson, Indriði Skarphéðinsson, Rúna K. Tetzschner, Snædís S. Thorlacius og Arthur K. Farestveit, 2022, 27-39, 59.



**Mynd 32. Horft frá myllunni [523] suðvestur inn í dæld með aðhaldi [524]. Hleðslur sjást fyrir miðju.**



**Mynd 33. Mylluhús [523] ofar t.v. og tvær aðhaldshleðslur [524] neðar fyrir miðju. Mannvirkin eru sín hvoru megin við lækinn.**



**Mynd 34. Grjóthlaðnar undirstöður gamallar brúar [525] varðveittar beggja vegna lækjarins, þ.e. Austmannsdalsár.**

## Austmannsdalsbrú [3360-525] hleðsla og leið [3360-518] gata

Í örnefnalýsingu segir Stefán frá myllunni [523] og bætir síðan við: „Nokkru ofar, þar sem gamla reiðgatan lá meðfram Kleifum út yfir ána, var gömul trébrú. Viðurinn í henni var úr norsku hvalveiðiskipi, Ísbirninum, sem strandaði á Fífustaðasandinum vorið 1891. Brúin hét Austmannsdalsbrú, stóð hún þar til bílvegur var lagður þarna um.“[32] Brúin [525] er merkt „gangbrú“ inn á herforingjaráðskort frá árinu 1915, ásamt gamla veginum [518].[33]

Fyrir ofan myllutóftina [523] en neðan við stæði núverandi brúar og akstursvegar, eru grjóthleðslur frá gamalli brú beggja vegna lækjarins eða Austmannsdalsár. Breiddin á þeim er

[32] Ö-Austmannsdalur STh, 3.
[33] *Herforingjaráðskort Dana*, 1915.

2-2,5 m en hæðin 0,5-0,8 m. og stefnan vestur – austur. Trébrúin er horfin en undirstöður hennar á báðum bökkum hafa greinilega verið grjóthlaðnar. Þær eru vel varðveittar og hafa töluvert minjagildi. Leiðin sem lá yfir brúna sést illa á vettvangi en betur á loftmynd. Líklega hefur þetta verið þjóðleið.



**Mynd 35. Horft suður yfir lambhústóftir [526] í átt að túngarði [538].**

## Lambhús [3360-526] tóft

Eftir að hafa lýst brunnhúsinu [506] segir Lárus: „Um þetta svæði er túnið lægst en hækkar svo til suðvesturs. Eru þar valllendisbalar og börð. Þar stóðu áður fyrr fjárhús. Nefndist þarna Húsabarð, einnig kallað Lambhúshólar.“[34] Stefán bætir síðan við: „„„Ofarlega í túninu til suðvesturs frá bænum og nær Bæjarlæk eru svonefndir Lambhúshólar. Húsabörð nefndust

[34] Ö-Austmannsdalur LG, 5.

einnig lautir og börð þarna. Að sögn Lárusar Guðmundssonar stóðu þarna fjárhús fyrir löngu.“[35]



**Mynd 36. Horft beint niður á lambhústóftir [526] úr lofti. Austur snýr upp.**

Húsabarð eða Lambhúshólar eru væntanlega fast vestan við Bæjarlækinn, milli hans og túngarðs [538]. Þar eru tvær samfastar tóftir sem gætu verið af lambhúsum. Önnur opnast í norður og er stór steinn í útganginum eins og dyrahella. Hin tóftin er aftar eða sunnar og útgangur við norðausturhorn. Ekki er innangengt á milli þeirra. Hæð veggja frá botni er mest um 1 m og breidd allt að 1,2 m. Veggirnir hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti en eru að mestu yfirgrónir grasi og mosa þótt sjáist í stöku grjót. Vestan megin upp við syðri tóftina er örlítið hólf, þ.e. tvær litlar veggjatotur sem ganga út frá vesturveggnum. Þær eru um 0,5 m á hæð og 0,4 m á breidd. Hólfið sést mjög skýrt en ekki er ljóst hver tilgangurinn hefur verið með því.

Lambhúsin eru líklega byggð eftir að túnakortið var gert og eru þá á mörkum þess að vera hundrað ára gömul. Þau hafa nokkurt minjagildi.

[35] Ö-Austmannsdalur STh, 4.



**Mynd 37. Tóft [528].**

## Óþekkt [3360-528] tóft

Tóft er á kafi í grasi í þýfi á vesturbakka Bæjarlækjar, sunnan við skurð. Veggir eru 0,4-0,7 m á hæð en 0,7-1 m á breidd. Einungis eitt hólf er í tóftinni og inngangur er norðaustan megin. Hún er óhrjáleg og sést illa. Sennilega er hún byggð eftir að túnakortið var gert fyrst hún er ekki teiknuð inn þar. Tóftin hefur lítið minjagildi.



**Mynd 38. Horft beint niður á tóft [531] sem byggð er upp við innri hlið vesturtúngarðsins [538] sem sést efst á myndinni.**

## Óþekkt [3360-531] tóft

Grjóthlaðin tóft er byggð upp við innanverðan vesturtúngarð [538]. Hún er full af grjóti en má samt greina tvo veggi sem liggja austur frá túngarðinum sem myndar vesturgaflinn. Hæðin er á bilinu 0,5-1 m og inngangur í tóftina er á austurgafli. Tóftin sést ekki á túnakortinu og er því sennilega yngri en það og á mörkum þess að teljast til fornleifa. Hún hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 39. Tóft [532] upp við innanverðan túngarð [538]. Horft suður.**

## Óþekkt [3360-532] aðhald

Nokkru norðan við tóft [531] er önnur tóft byggð við innanverðan vesturtúngarðinn. Tóftin hefur sömu stefnu og túngarðurinn, þ.e. norðaustur – suðvestur og hann myndar langvegginn vestan megin. Hún er alveg yfirgróin grasi líkt og túngarðurinn sjálfur á þessum kafla en glittir þó í hleðslugrjót. Hæð veggja er á bilinu 0,5-0,8 m og breidd um 0,8 m. Inngangur er á austurhorni. Skurður liggur austur frá tóftinni.

Þessi tóft er líklega samtíma túngarðinum á þessum kafla og byggð eftir gerð túnakortins. Hún gæti verið á mörkum þess að vera hundrað ára og hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 40. Hleðsla [533] við skurð utan túngarðs [538].**

## Óþekkt [3360-533] hleðsla

Á móti tóft [532], við utanverðan túngarðinn er einföld grjóthleðsla eða hellulögn. Hún liggur á ská, þ.e. austur, að skurði sem er samhliða túngarðinum og virðist byrja þar. Hæð grjótlagnarinnar er ekki meiri en um 0,1 m. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað. Minjgildi er lítið.



**Mynd 41. Tóft [534] við utanverðan túngarð [538].**

## Aðhald [3360-534] tóft

Tóft á kafi í gróðri er byggð upp við utanverðan vesturtúngarðinn. Hún er staðsett sunnan við hellulögn [533] og skáhallt á móti tóft [532]. Hæð veggja er 0,6-0,8 m og breidd um 1 m. Tóftin opnast norður. Mikið hrun virðist vera inni í henni. Hún er líklega samtíma túngarðinum og yngri en túnakortið. Hún hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 42. Yfirgróinn túngarður [538] fyrir miðju, tóft [534] fremst t.v., tóft [532] fjær t.h. og beint á móti henni t.v. er grjóthleðsla eða hellulögn [533].**



**Mynd 43. Grjóthrúga [535].**

## Túnahreinsun [3360-535] grjóthrúga

Miðja vegu milli Bæjarlækjar og vesturtúngarðsins [538] er grjóthrúga sem gæti hafa myndast við túnahreinsun. Hún hefur lítið minjagildi.



**Mynd 44. Hluti af rétt [537] og túngarðurinn [538] sést lengra frá.**

## Rétt [3360-537] grjóthleðsla og girðingarstæði

Efst í brekkunni við norðurenda túngarðsins, ofan við Bæjarlæk og sjóinn, er grjóthlaðin rétt. Hún liggur norðaustur – suðvestur eins og túngarðurinn og gæti hafi verið hlaðin á sama tíma og hann. Réttin kemur nánast eins framlenging af túngarðinum og grjóthleðslurnar í henni eru af sama toga og í honum. Veggirnir eru nokkuð hrundir og sums staðar jarðlægir þannig að hæðin er á bilinu 0,1-0,8 m en breiddin 0,7-1 m. Inngangur er á veggnum við norðurhornið en auk þess hefur verið inngangur að austanverðu frá læknum. Á þeirri hlið er engin grjóthleðsla en mótar ógreinilega fyrir um 0,1 m upphækkun í grasinu og gæti þarna hafa verið lokað fyrir með girðingu. Réttin liggur í nokkrum halla í átt að læknum og girðingarstæðið er nánast á brekkubrúninni.

Réttin er ekki teiknuð inn á túnakortið fremur en aðrar minjar vestan megin við Bæjarlæk og er líklega byggð eftir gerð þess. Þetta er myndarlegt mannvirki sem hefur töluvert minjagildi.



**Mynd 45. Horft beint niður á rétt [537] í brekku ofan og vestan við Bæjarlækinn. Leið [542] (t.v.) liggur gegnum túngarðinn rétt sunnan við réttina. Vestur snýr upp.**

## Leið [3360-542] gata

Gata liggur norðvestur – suðaustur um op á vesturtúngarðinum [538], fast sunnan við rétt [537]. Hún hefur lítið minjagildi.



**Mynd 46. Túngarðurinn sést t.v. og efst.**

## Túngarður [3360-538]

Túngarður er ekki teiknaður inn á túnakortið vestan megin heldur afmarkast túnið þar af Bæjarlæknum. Líklega hefur það ekki verið stækkað til vesturs fyrr en eftir gerð túnakortsins árið 1920 og túngarður þá verið hlaðinn um þann hluta þess sem er utan eða vestan lækjarins. Hann gæti því verið um hundrað ára gamall en ekki eldri. Stefán segir frá túngarðinum í örnefnalýsingu: „Mikill grjótgarður er hlaðinn ofan og utan við túnið. Byrjar hann inn við á og liggur úteftir spölkorn fyrir ofan Húsabörð, nær góðan spöl út fyrir Bæjarlæk og þaðan í

stefnu til sjávar utanvert við Árdal.“[36] Þessi grjótgarður er væntanlega landamerkjagarðurinn sem Lárus nefnir í lýsingu sinni.[37]

Sæmilega varðveittur túngarður liggur norðvestur frá Bæjarlæknum framhjá lambhúsunum [526] við Húsabörð, beygir síðan nánast hornrétt í norðaustur og liggur allt að grjóthlöðnu réttinni [537] á háum kambinum ofan sjávar. Túngarðurinn er að miklu leyti hlaðinn úr grjóti en á tveimur köflum vestan megin er hann alveg yfirgróin grasi og meira siginn. Líklega leynist þó grjót undir. Túngarðurinn er 0,7-1 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Nokkur op eru á honum og virðast hafa verið tvö hlið á honum nálægt austurhorninu þar sem akstursspor og göngulslóði liggja í gegn sín hvoru megin hornsins. Einnig er hlið á túngarðinum fyrir leið [542] næst sjávarréttinni. Þessi túngarður er nokkuð myndarlegur og hefur mikið minjagildi.



**Mynd 47. Horft vestur eftir suðurtúngarðinum [538].**

[36] Ö-Austmannsdalur STh, 4.
[37] Ö-Austmannsdalur LG, 5.



### Óþekkt [3360-515] tóft

Tóft af ferhyrndu mannvirki er vestan við vesturtúngarðinn, sunnan við rétt [537] og vestan við túngarð [538].



**Mynd 48. Girðingarstæði [539] sem liggur milli lækjanna tveggja skorið sundur af akstursspori [501].**

## Girðingarstæði [3360-539] hleðsla

Athyglisvert er að samkvæmt túnakortinu virðist hafa verið girt í kringum túnið austan megin og einnig sunnanvert næst þessari austurgirðingu.[38] Á vettvangi sést greinilega að girðing hefur tekið við af túngarðinum [538] austan Bæjarlækjar. Þar er varðveitt girðingarstæði [539] eða upphækkun í landslaginu úr mosa, grjóti og torfi. Það er 0,1-0,3 m á hæð og 0,4 m á breidd og standa stöku járnstaurar enn þá upp úr því þótt girðingin sé horfin. Þeir eru örugglega of ungir til að teljast fornleifar en miðað við túnakortið hefur þarna þó verið girðing þegar um 1920.

[38] *Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*, 1920.



**Mynd 49. Girðingarstæði eða garðlag [540] liggur fyrir innan eystri lækinn eða Austmannsdalsá, og sést hér sem bein lína frá vinstri til hægri um miðbik myndar. Suðaustur snýr upp á myndinni.**

## Girðingarstæði [3360-540]

Á austurhlið túnsins meðfram lækjarbakkanum sést einnig girðingarstæði eða garðlag [540], 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-0,7 m á breidd. Túnið er mjög þýft á þessu austursvæði þannig að garðlagið samlagast því á köflum en sést þó greinilega. Þarna eru engir staurar. Á flygildismyndum má einnig sjá annan kant nær læknum en hann er líklega náttúrulegur. Þessar minjar hafa lítið gildi.



**Mynd 50. Grunsamleg grjóthrúga [530] austan í túninu.**

## Túnahreinsun [3360-530] grjóthrúga

Austan í túninu, í þýfi innan við girðingarstæði [540], er grjóthrúga sem virðist ekki vera náttúruleg. Þarna gæti verið frá túnahreinsun. Grjóthrúgan hefur þó lítið minjagildi.




**Kort 7. Uppmæling af rétt [537].**




**Kort 8. Uppmælingar af myllu [523] og aðhaldi [524].**

## Samantekt og niðurstöður

Skráðar minjar eru 41 talsins og teljast allar fornleifar en flestar eru þó frá mannvirkjum sem ekki hafa verið teiknuð inn á túnakort árið 1920 og gefur það vísbendingu um að þau gætu hafa verið byggð síðar. Margar minjarnar gætu því verið á mörkum þess að vera hundrað ára gamlar. Þetta á einkum við þær sem eru staðsettar vestan í túninu og vestan Bæjarlækjarins. Flestar minjarnar eru þar og svo nyrst í túninu. Á yfirborði sjást 40 minjar en ein leið er einungis þekkt af heimildum. Ekki er hægt að meta á þessu stigi hvort minjarnar séu í hættu þar eð nákvæmt skipulag framkvæmda liggur ekki fyrir.

Í sögnum um Austmannsdal er talið að jörðin hafi verið í ábúð frá landnámsöld. Dalurinn er sagður kenndur við Austmann eða Norðmann sem á að hafa numið þar land en sennilega er það örnefnaskýring. Frásögnin í sjálfri sér hefur lítið heimildagildi en gefur til kynna að menn hafi verið að reyna að átta sig á uppruna örnefnisins. Jörðin sjálf er ekki nefnd í neinum fornum heimildum og hvorki í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um 1700 né í *Jarðatali* Johnsens árið 1847. Miðað við það virðist ljóst að hún hefur ekki byggst fyrr en eftir að þessar jarðaskrár voru teknar saman. Mögulega hefur það gerst á síðari hluta 19. aldar ef rétt er að eldri bær [503] hafi verið þarna áður en Guðjón Árnason byggði sinn bæ [500] úr höggnu steinlímdu grjóti árið 1902. Á hinn bóginn er líka hugsanlegt að búskapur í Austmannsdal hafi byrjað með Guðjóni og eru elstu minjarnar á svæðinu þá frá hans tíma, 100-120 ára gamlar.

Tóft bæjarins [500] stendur enn og hefur töluvert minjagildi og slíkt hið sama má segja um fjárhús [502]. Ógreinileg fjórskipt tóft [503] í litlum hól suðvestan við bæinn gæti verið af eldri bæ eða útihúsi og hefur nokkurt minjagildi.

Nokkru vestar, nær Bæjarlæk eru tvær aðrar ógreinilegar tóftir, önnur tvískipt uppi á hæðarbrún, kannski svokallaður Hlöðuhóll [504] en hin neðar í brekkunni við lækinn og gæti verið lítið aðhald [505]. Ofar með læknum er grjóthrúga í tóft sem gæti verið af Brunnhúsi [506]. Þessar minjar hafa ekki mikið minjagildi. Ofar með læknum er sæmilega varðveitt tóft [507], mögulega af hjalli. Nokkuð sunnar, alveg á bakkabrúninni við lækinn er svo tóft [508] sem gæti verið af geymslu. Þessar tvær síðastnefndu tóftir hafa nokkurt minjagildi. Út frá tóft

[508] liggur sokkið garðlag [509] og upp við það er lítil ógreinileg tóft [510]. Þessar tvær minjar hafa lítið gildi.

Austur frá ofangreindum minjum er yfirgróið garðlag sem líklega hefur legið kringum matjurtagarð [511] og er grjóthrúga [512] ofan á garðlaginu. Matjurtagarðurinn hefur nokkurt minjagildi. Sunnar er fallega grjóthlaðin rétt [514] sem líklega hefur lokast með girðingu að suðvestan og er aðhald [517] inni í henni. Réttin hefur töluvert minjagildi. Girðingarstæði [516] liggur norðaustur út frá norðurhorni réttarinnar.

Nær Bæjarlæk eru beðasléttur [513] og liggja rennur [521] frá þeim í lækinn sem ef til vill hafa veitt vatni frá þeim. Fast við lækinn og enda syðri rennurnar er manngerð grjóthrúga [520] ásamt garðlagi [519]. Þetta eru ógreinilegar minjar og ekki ljóst hvaða tilgangi þær hafa þjónað. Önnur grjóthrúga [522] er sunnar í túninu með ferhyrnda lögun þannig að þar gæti grjóti hafa verið hent í tóft. Þessar minjar hafa ekki mikið gildi.

Á austurbakka svokallaðrar Austmannsdalsár, lækjarins sem rennur austan túnsins, er heilleg tóft af mylluhúsi [523] með mikið minjagildi. Nokkru ofar með læknum og nær veginum eru vel varðveittar grjóthlaðnar undirstöður hinnar gömlu Austmannsdalsbrúar [525] sem lá yfir lækinn. Þær hafa einnig mikið minjagildi. Gamla leiðin [518] sem lá yfir brúna er hins vegar horfin og einungis þekkt af herforingjaráðskorti frá árinu 1915. Á vesturbakka lækjarins, skáhallt á móti mylluhúsinu er ógreinilegt aðhald [524] í náttúrulegri laut en það hefur lítið minjagildi.

Enn eru svo fleiri minjar ótaldar vestan Bæjarlækjar. Tóftir af lambhúsum eða fjárhúsum [526] í svokölluðum Húsabörðum milli lækjarins og túngarðsins [538] hafa nokkurt minjagildi. Norðar, milli lækjarins og skurðar, er ólöguleg tóft [528] sem hefur minna gildi.

Minjar meðfram vesturtúngarðinum [538] eru tóftir [531], [534] og [532] byggðar við hann innanverðan og utanverðan, hleðsla [533] hjá skurði fast utan hans og tóft [515] örlítið lengra fyrir utan hann. Þessar minjar hafa allar nokkurt gildi. Innan vesturtúngarðsins er grjóthrúga [535] sem gæti verið túnahreinsun og hefur lítið minjagildi. Túngarðurinn endar á háum sjávarkambi við grjóthlaðna rétt [537] sem hefur mikið minjagildi. Túngarðurinn [538] sjálfur liggur suðvestur frá réttinni og síðan suðaustur að Bæjarlæk, að mestu grjóthlaðinn en

yfirgróinn á kafla. Hann hefur einnig mikið minjagildi. Girðing hefur tekið við austan Bæjarlækjar en þar liggur girðingarstæði [539] að eystri læknum eða Austmannsdalsá, og annað girðingarstæði eða mögulega garðlag [540] liggur síðan í norðaustur milli túns og lækjar. Þessi girðingarstæði hafa þó lítið minjagildi og slíkt hið sama má segja um grjóthrúgu [530] í sunnanverðu túninu innan við girðingarstæði [540].

Að lokum skal nefna leið [541] sem liggur frá bænum [500] norðaustur í átt að Bæjarlæk og leið [542] sem liggur framhjá rétt [537]. Einnig voru skráðar tvær heimreiðar. Sú eystri [501] liggur ofan frá akstursveginum niður að bæ og er í raun akstursspor sem ekki getur verið gamalt en gæti legið ofan í eldri götu. Vestri heimreiðin [529] sést á túnakorti næst bænum en er horfin af vettvangi á þeim kafla. Hins vegar má sjá framhald hennar utar í túninu og er þar líka akstursspor. Þessar leiðir og heimreiðar hafa lítið gildi nema þá í samhengi við aðrar minjar á svæðinu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborði eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.[39]

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“[40]

[39] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 38. gr.
[40] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 21. gr.

# Heimildir

*Herforingjaráðskort* Dana. (1915).

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (VI). (1938). Kaupmannahöfn: Hið Íslenska fræðafjelag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar* nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 12. september 2024 á: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.

Óli Þ. Guðbjartsson. (1933). Skildi hlutverk sitt best allra íslenskra þjóðsagnasafnara. Í *Vestfirskar sagnir* (I, viii-xiv, Helgi Guðmundsson safnaði). Vestfirska forlagið.

Ragnheiður Traustadóttir, Hermann J. Hjartarson, Indriði Skarphéðinsson, Rúna K. Tetzschner, Snædís S. Thorlacius og Arthur K. Farestveit. (2022). *Fornleifarannsókn: Fjárhús, mylla og tóft: Fjörður á Seyðisfirði 2021*. Antikva ehf.

Torfi Tulinius. (1993). Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum. Í Vésteinn Ólason (ritstj.) *Íslensk bókmenntasaga* (II, 165-246). Reykjavík: Mál og menning.

*Vestfirskar sagnir* (I). (1933). Helgi Guðmundsson safnaði. Vestfirska forlagið.

### Þjóðskjalasafn Íslands

*Túnakort Austmannsdals í Dalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu*. (1920).

### Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Austmannsdalur LJG: Örnefnalýsing Austmannsdals, Ketildalahreppi. [Án ártals] Lárus J. Guðmundsson skráði.

Ö-Austmannsdalur STh: Örnefnalýsing Austmannsdals, Ketildalahreppi. (1989). Stefán Thoroddsen skráði. Sótt 20. september 2024 á: http://glosur.ggk.is/kompa/pdf/ketildalir/stefan-thorodsen-austmannsdalur-oern-fleira.pdf.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-500 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 18.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | bústaður/hús | Hlutverk | bær | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Austmannsdalur | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1900 | Aldur til | 1950 |
| Efni | grjót; steinsteypa | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | 9.2 | Breidd | 7.9 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 4 | Veggjahæð til | 6 | Breidd veggjar | 0.5 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | Túnakort 1920 | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277821.208 | Isnet N | 592658.89 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur LJG, 1<br>Ö-Austmannsdalur STh, 3 |
| Minjagildi | mjög mikið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Síðasti bærinn í Austmannsdal er teiknaður inn á túnakort með anddyri sem snýr í suðvestur árið 1920. Um hann segir Lárus J. Guðmundsson: „Frá fyrstu tíð munu bæjarhús hafa staðið á svipuðum stað og nú í dag. Var íbúðarhúsið reist árið 1902 af Guðjóni Árnasyni bónda og eiganda jarðarinnar sem þar bjó í 30 -35 ár. Eftir hans dag bjó þar sonur Guðjóns, Guðbjartur. Nefnt hús var hlaðið úr höggnu grjóti og steinlímt. Voru veggir þess um 1 m að þykkt. Mun hvorki veðragnýr né tímans tönn vinna á þessum handaverkum í náinni framtíð.“ Stefán Thoroddsen lýsir síðan staðháttum nánar: „Upp af Brekku liggur Austmannsdalstúnið og rétt ofan við bakkana og spölkorn innan við Árdal stóð Austmannsdalsbær, steinhús byggt úr höggnu grjóti lögðu í sement og húðað að utan með sandsteypu. Veggirnir eru mjög þykkir og standa enn (1989) þótt þak og annað sé nú ýmist fokið eða stórskemmt.“
Sjá nánar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-501 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 18.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | gata | Hlutverk | heimreið | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1900 | Aldur til | 1950 | | |
| Efni | annað | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 | | |
| Isnet E | 277826.255 | Isnet N | 592653.767 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | lítið | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Frá núverandi akstursvegi liggur aksturspor norður yfir túnið að fjárhústóft [502] og bæjartóft [500]. Mögulega hefur þarna verið keyrt ofan í eldri heimreið sem sést þó ekki á túnakorti.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-502 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 18.02.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | fjárhús | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1900 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf; grjót, steypa | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | 20.6 | Breidd | 15.2 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0.6 | Veggjahæð til | 1.5 | Breidd veggjar | 1.3 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | Túnakort 1920 | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277832.723 | Isnet N | 592628.933 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur LJG, 1 |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti er stórt útihús sýnt sunnan eða suðaustan við bæinn en samkvæmt örnefnalýsingu stóðu bæjar- og peningshús öll rétt ofan við hina háu bakka. Fjárhús ásamt hlöðu og fleiri húsum eru suðaustan við bæinn [500] ofan við sjávarbakkana. Þau hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslur mjög greinilegar en einnig hefur verið notast við steinsteypu. Fjárhús með tveimur 0,6 m háum görðum er fremst og snýr norðaustur að firðinum. Eystri garðinn skiptir því í tvö rými. Í vestri garðanum er steinsteypt bað. Á framhlið fjárhússins eru tveir útgangar.
Botninn í tóft fjárhússins liggur um 1 m lægra en í öðrum rýmum á bak við það en þau eru sex eða sjö talsins. Í rými sem mögulega hefur verið hlaða eru steyptir veggir á grjóthlöðnum undirstöðum að suðvestan og suðaustan.
Sjá nánar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-503 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 18.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | býli | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1800 | Aldur til | 1950 | | |
| Efni | torf og grjót | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0.2 | Veggjahæð til | 0.7 | Breidd veggjar | 1 | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | já | Verkefna nr MÍ | 3360 | | |
| Isnet E | 277800.844 | Isnet N | 592652.668 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur LJG, 1 | | |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Á túnakorti er sýnt hús vestan við íbúðarhúsið [500]. Í örnefnalýsingu er talað um að steinhúsið [500] sem Guðjón byggði hafi leyst af eldri torfbæ sem „stóð ofar í túninu á svokölluðum bæjarhól“. Spurning er hvort vestra húsið á túnakortinu geti þá verið eldri bærinn ef hann hefur enn verið uppistandandi árið 1920. Á þessum stað, vestur af bæ Guðjóns, er að minnsta kosti hóll og tóft ofan í honum. Þetta gæti þó líka verið útihús.

Hæð hólsins frá bæjarhlaði er um 1,5 m. Hann er alveg yfir gróinn grasi og tóftin er mjög sokkin og illgreinanleg; þó virðist mega sjá fjögur rými með stefnu norðvestur – suðaustur. Tvö samliggjandi stærri rými eru vestar og er líklega inngangur á norðvesturgafli þess eystra og þaðan innangengt í vestra rýmið. Úr eystra rýminu hefur líka verið hægt að ganga yfir í lítið rými sem gengur út af suðausturgaflinum og þaðan yfir í fjórða rýmið.

Sjá nánar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-504 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 18.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | hlaða | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Hlöðuhóll | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | illgreinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0.2 | Veggjahæð til | 0.6 | Breidd veggjar | 1 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277777.87 | Isnet N | 592667.29 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur STh, 4<br>Ö-Austmannsdalur LJG, 5 |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Í örnefnalýsingu segir Stefán: „Fyrir innan bakkana rétt ofan við bæinn er Hlöðuhóll.“ Lárus segir: „Nær bæjarhúsum er hóll einn og heitir hann Hlöðuhóll.“ Örnefnalýsingarnar eru óljósar en kannski er Hlöðuhóllinn vestur frá tóft [503] á hæðarbrúninni ofan við Bæjarlæk sem rennur til sjávar fyrir neðan. Þar eru tvær sokknar tóftir sem hafa líklega verið hluti af sama mannvirki. Þær eru mjög yfirgrónar grasi og samrunnar umhverfinu en glittir þó í grjót. Veggjahæð er um 0,2-0,5 en breidd um 0,7. Veggir eru lægri í nyrðri tóftinni sem er einungis brot og opnast í austur. Syðri tóftin liggur örlítið lægra og er inngangur á norðausturhorni. Tóftirnar eru líklega gamlar og hafa nokkurt minjagildi sem slíkar.

| | |
|---|---|
| Nr. | 3360-505 |
| Bæjarnafn | Austmannsdalur |
| Gömul nr. | Ekki skráð áður |
| Jarðatalsnr. | |
| Svæði | |
| Sveitafélag | Vesturbyggð |
| Dagur | 12.08.2024 |
| Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft |
| Hlutverk | aðhald |
| Flokkur | búsetuminjar |
| Sérheiti | |
| Verndun | friðað |
| Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur |
| Ástand | greinanlegar |
| Hættumat | |
| Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | |
| Aldur frá | 1850 |
| Aldur til | 1950 |
| Efni | torf og grjót |
| Horfin | nei |
| Horfin ástæða | |
| Lengd | 6.9 |
| Breidd | 5.8 |
| Hæð | |
| Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0.3 |
| Veggjahæð til | 0.7 |
| Breidd veggjar | 0.7 |
| Mæling | uppmæling |
| Túnakort | nei |
| Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277758.142 |
| Isnet N | 592663.25 |
| Heimildir | |
| Minjagildi | lítið |
| Umhverfi | garðlönd og tún |
| Ljósmyndari | RKT |
| Mótvægisaðgerðir | |



Í brekkunni fyrir neðan og vestan Hlöðuhól [504], austan og ofan Bæjarlækjar er laut þar virðist mega greina hlaðna mjög yfirgróna og sokkna veggi. Þeir liggja á flöt vestur út frá brekkunni sem myndar náttúrulegan vegg að austan. Grjóthnullungar eru við op sem snýr að ánni. Hugsanlega hefur þetta verið aðhald en það hefur lítið minjagildi.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-506 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | vatnsból | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Brunnhús | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf og grjót | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0.1 | Veggjahæð til | 0.3 | Breidd veggjar | 1 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277756,357 | Isnet N | 592624,354 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur LG, 5 |
| Minjagildi | lítið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Í örnefnalýsingu segir: „Þar sem bakkarnir enda utan við bæinn er jarðfall mikið, Árdalurinn gamall árfarvegur án efa. Eftir honum fellur lækurinn, Bæjarlækurinn. Var vatnsbólið í honum rétt þar við sem bæjarvegurinn liggur yfir túnið og upp á alfaraveg. Hús var yfir vatnsbólinu í seinni tíð, Brunnhúsið. Um þetta svæði er túnið lægst en hækkar svo til suðvesturs.“ Þarna er augsýnilega átt við bakkana vestan bæjarins þar sem lækurinn rennur á gilbotni þegar nær dregur sjónum. Austan megin á lækjarbakkanum er hrúga af stórum grjóthnullungum á kafi í grasi, um 0,1 -0,3 m á hæð. Veggir sjást ekki en hrúgan virðist hafa reglulega ferhyrnda lögun. Mögulega eru þetta brotin af brunnhúsinu. Ef marka má túnakortið lá vestri heimreiðin [529] að læknum á þessum stað og fer það saman við lýsinguna á staðsetningu brunnhússins við bæjarveginn. Einnig stendur heima að túnið er lægst þarna. Sjá nánar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-507 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | hjallur | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf og grjót | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | 7.9 | Breidd | 4.3 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0,5 | Veggjahæð til | 1,1 | Breidd veggjar | 0,9 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277726,212 | Isnet N | 592583,476 | Heimildir | Ö-Austmannsdalur STh, 4 |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Stefán nefnir hjall sem á að hafa verið á Hlöðuhól ásamt fleiri húsum. Lýsingin er þó fremur óljós. Kannski var hjallurinn nokkuð sunnar við lækjarbakkann. Þar hefur varðveist tóft sem snýr norðaustur – suðvestur. Útgangur er á norðurhorni og snýr því frá ánni að bæ. Tóftin er yfirgróin grasi og mosa, hleðslugrjót ekki sýnilegt en hart undir svo líklega hefur húsið verið hlaðið úr torfi og grjóti. Botninn liggur töluvert lægra en umhverfið eins og hann sé niðurgrafinn. Innanvert eru veggir um 0,5-1,1 m á hæð en utanvert einungis 0,1-0,4 m. Breidd veggja er um 0,9 m. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

| | |
|---|---|
| Nr. | 3360-508 |
| Bæjarnafn | Austmannsdalur |
| Gömul nr. | Ekki skráð áður |
| Jarðatalsnr. | |
| Svæði | |
| Sveitafélag | Vesturbyggð |
| Dagur | 12.08.2024 |
| Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft |
| Hlutverk | geymsla |
| Flokkur | búsetuminjar |
| Sérheiti | |
| Verndun | friðað |
| Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur |
| Ástand | vel greinanlegar |
| Hættumat | |
| Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | |
| Aldur frá | 1850 |
| Aldur til | 1950 |
| Efni | torf og grjót |
| Horfin | nei |
| Horfin ástæða | |
| Lengd | |
| Breidd | |
| Hæð | |
| Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0,8 |
| Veggjahæð til | 1,4 |
| Breidd veggjar | 1,4 |
| Mæling | uppmæling |
| Túnakort | nei |
| Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277720,353 |
| Isnet N | 592572,871 |
| Heimildir | Ö-Austmannsdalur STh, 4 |
| Minjagildi | nokkurt |
| Umhverfi | garðlönd og tún |
| Ljósmyndari | RKT |
| Mótvægisaðgerðir | |



Samkvæmt Stefáni var útigeymsla ásamt fleiri húsum á Hlöðuhól. Lýsingin er óljós en tóft á árbakkanum sunnan við hjall [507] gæti verið af þessari útigeymslu. Hún stendur úti á brún árbakkans sem liggur á þessum stað um 1,4 m hærra en áin. Tóftin opnast vestur að ánni en stefnan er vestur − austur. Inngangur í hana virðist vera á norðurhlið og liggur slóð að henni, sennilega frá bænum.
Stór náttúrulegur grjóthnullungur er á suðausturhorni og myndar hluta veggjarins. Að öðru leyti eru veggirnir yfirgrónir grasi og mótar ekki fyrir grjóti en sennilega eru þeir þó hlaðnir úr torfi og grjóti. Breidd veggja er á bilinu 1-1,4 m. Hæð veggja frá botni er 0,8-1,4 m að meðtöldum stóra hornsteininum en að utan ná þeir 0,5-1 m hæð. Utanvert við austurgaflinn sést varla neinn hæðarmunur á veggnum og umhverfinu eins og tóftin sé grafin inn í bakkann þeim megin. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-509 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | garðlag | Hlutverk | garður | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0,2 | Veggjahæð til | 0,5 | Breidd veggjar | 0,7 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277713,368 | Isnet N | 592557,123 | Heimildir | |
| Minjagildi | lítið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Ofan árinnar, suður frá tóft [508] liggur sokkið garðlag með stefnu suðvestur. Það er á kafi í grasi og sést ekkert grjót en er hart viðkomu. Breidd er um 0,7 m og hæð 0,2-0,5 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt en líklega tengist það öðrum minjum meðfram austurbakka Bæjarlækjar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-510 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | 'oþekkt | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | 3.5 | Breidd | 3.3 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0,2 | Veggjahæð til | 0,5 | Breidd veggjar | 0,7 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277713,984 | Isnet N | 592559,983 | Heimildir | |
| Minjagildi | lítið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Lítil tóft er byggð upp við garðlag [509] vestan megin og snýr útgangur vestur að ánni. Veggir líkjast þústum sem mynda þó tóft á kafi í grasi. Hart er undir og má ætla að þar leynist grjót. Þústir eru einnig inni í tóftinni og þýft í kring. Hún er mjög ógreinileg en sker sig þó frá umhverfinu að því leyti að hún bungar meira upp. Breidd veggja er um 0,7 m, svipuð og á garðlaginu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-511 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | garðlag | Hlutverk | matjurtagarður | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | torf og grjót | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | 0.5 | Veggjahæð til | 0.7 | Breidd veggjar | 1.5 |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277739.122 | Isnet N | 592566.738 | Heimildir | |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Austan tóftar [508] er svæði umgirt garði þar sem gæti hafa verið matjurtagarður [511]. Veggir í kring eru 0,5-0,7 m á hæð en veggjabreidd 1-1,5 m. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi en grjót einungis sýnilegt á suðvesturhorni þar sem það liggur í hrúgu [512], um 1 x 1,5 m að umfangi. Líklega er hrúgan hluti af garðinum. Veggirnir eru skýrastir að vestan og norðan en samfallnari á aðrar hliðar þannig að útlínur sjást illa. Á vettvangi er ekki hægt að sjá vegg að austanverðu en greina má afmörkun á flygildismynd. Í vesturhorni garðsins virðist veggjatota liggja inn í garðinn og mynda afmarkað mannvirki. Garðurinn hefur nokkurt minjagildi.
(Suðaustur snýr upp á myndinni.)

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-512 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | grjóthrúga | Hlutverk | óþekkt | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Efni | grjót | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Lengd | 1.5 | Breidd | 1.0 | Hæð | 0.2 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | 0.2 | Breidd veggjar | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 |
| Isnet E | 277738.619 | Isnet N | 592557.756 | Heimildir | |
| Minjagildi | Lítið | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Grjóthrúga er á suðvesturhorni garðlags [511], um 1 x 1,5 m að umfangi. Líklega er hrúgan hluti af garðinum.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3360-513 | Bæjarnafn | Austmannsdalur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | |
| Svæði | | Sveitafélag | Vesturbyggð | Dagur | 12.08.2024 | Skráning | RKT-RT |
| Tegund | jarðræktarsvæði | Hlutverk | beðasléttur | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Deiliskipulag Austmannsdalur | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 | | |
| Efni | annað | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3360 | | |
| Isnet E | 277722,886 | Isnet N | 592544,682 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



